

8. Fundur stjórnar – 30. október 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29

Fundinn sátu: Dóra Magnúsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Halldór Kolbeins, Hallfríður Þórarinsdóttir, Jóna Fanney Friðriksdóttir og Jóhanna Magnúsdóttir og Sigurður Albert Ármannsson. Snorri Steinn Sigurðsson mætti ekki og boðaði ekki forföll. HK, HP, JM og SAA gengu út af fundi kl. 20.22.

Formaður setti fund kl. 20:12.

Dagskrá og afgreiðslur:

Í upphafi fundar og áður en gengið var til dagskrár bað Halldór Kolbeins um orðið og lagði fram eftirfarandi orðréttu bókun:

Stjórnarfundur í Leiðsögn 30. Október 2023

Bókun lögð fram um óásættanlega framgöngu formanns Leiðsagnar í starfi fyrir félagið. Krafa um að formaður Jóna Fanney Friðriksdóttir segi af sér embætti nú þegar.

Ástæða fyrir kröfu um afsögn

Formaður hefur sýnt í verki óvirðingu fyrir góðri stjórnarsýslu í starfsemi félagsins. Eftirfarandi atriði styðja þá ályktun stjórnar:

- 1. Formaður „týndi“ bókun stjórnarfundar um mjög alvarlegt eineltismál af hálfu eins núverandi stjórnarmanns – fyrsta umræðuefni og samþykkt nýrrar stjórnar á fyrsta fundi vor 2023.
Formaður hefur ítrekað neitað að framkvæma samþykktir stjórnar er varða málið málið og hefur ítrekað hundsáð ábendingar og áréttingar meirihluta kjörinna stjórnarmanna um að framfylgja samþykktum stjórnar. Öll framganga formanns í úrvinnslu þessa eineltismáls hefur verið á skjön við samþykktir og stefnu stjórnar félagsins og með því brýtur hún grundvallarreglu í góðri stjórnarsýslu.*
- 2. Formaður hefur hrakið burt starfsmann félagsins með ósæmilegum aðdróttunum og yfiringangi. Svarbréf starfsmanns er sér og fylgir með þessu bréfi til bókunar að beiðni starfsmanns.*
- 3. Formaður hefur ítrekað gefið stjórn rangar upplýsingar um fjárhagstöðu félagsins að því er virðist til að réttlæta uppsögn starfsmanns.*
- 4. Formaður hefur viðrað tillögu um að ráða sigsjálfa auk varaformanns til starfa á skrifstofu félagsins – og að ráða þar eigin launum.*

Þar sem formaður félagsins hefur ekki fylgt samþykktum meirihluti stjórnar, sýnt af sér óvönduð vinnubrögð og ítrekað veitt stjórn misvísandi eða rangar upplýsingar um fjárhagstöðu félagsins þá hefur hann ekki lengur traust stjórnar til að starfa fyrir félagið.



Verði formaður ekki við þessari áskorun um afsögn þá fer munum við líta svo á að þetta bréf sé opinbert plagg til birtingar í fundargerð. Þar með eru forsendur til að birta það opinberlega strax að loknum þessum fundi.

Halldór Kolbeins

Snorri Steinn

Jóhanna Magnúsdóttir

Sigurður Albert

Hallfríður Þórarinsdóttir

Eftir stuttar umræður gengu HK, HP, JM og SAÁ út af fundi.

Varðandi lið 2 („Svarbréf starfsmanns er sér og fylgir með þessu bréfi til bóknar“) vekur ritari athygli á að umrætt svarbréf fylgdi ekki með.

Meirihluti stjórnar, þ.e. formaður, gjaldkeri og ritari lögðu í kjölfarið fram eftirfarandi bókun:

Ofangreind bókun um óásættanlega framgöngu formanns Leiðsagnar í upphafi stjórnarfundar frá tveimur aðalmönnum þeim Snorra Steini Sigurðssyni (sem ekki sat fundinn) og Halldórs Kolbeins og varamannanna Hallfríðar Þórarinsdóttur, Sigurðar Alberts Ármannsson og Jóhönnu Magnúsdóttur er í öllum atriðum röng.

Með ofangreindum dylgjum er ásetningur þeirra, sem að bókuninni standa, sá að viðhalda stöðnun, óeiningu og koma í veg fyrir framfarir innan félagsins. Hér er ekki verið að hugsa um hag félagsmanna, heldur virðist ætlunin eingöngu sú að hrekja þau sem hlutu flest atkvæði félagsmanna í vor á brott með óréttmætum ásökunum.

Fyrir það fyrsta sýna kosninganiðurstöður aðalfundar þann 3. maí sl. ótvírætt að félagsmenn óskuðu eftir breyttum vinnubrögðum og ferskum vindum með kosningu nýs ritara, gjaldkera og formanns sem hafði betur gegn sitjandi formanni í kosningunum. Nú er gerð tilraun til að yfirtaka félagið af þeim sem ekki náðu kosningu til stjórnar á aðalfundinum í vor, þó svo að tveir þeirra séu nú komnir inn sem aðalmenn.

Á fyrsta fundi stjórnar, þann 13. maí 2023 lagði formaður fram tillögu þess efnis að þau innanbúðar samskiptavandamál sem einkennt hafa fyrri tímabil yrðu rædd í viðurvist ráðgjafa og að fundin yrði lausn þannig að vinnufriður gæti ríkt. Sú tillaga var samþykkt. Þrátt fyrir þetta virðist tillagan ekki hafa fallið í kramið og hefur málinu nú verið snúið á hvolf.

Þau ósannindi sem fram koma í bókun ofangreindra tveggja aðalmanna og þriggja varamanna eru þeim til skammar. Öll samþykktu að bjóða starfsmanni 50% starfshlutfall, sem nú er snúið á formann um að hafa hrakið starfsmann úr starfi. Allir stjórnarmenn voru sammála um að gera þyrfti gagngerar skipulagsbreytingar á skrifstofu til að sinna mætti kjaramálum og kjarabrotamálum með skilvirkari hætti. Eftirfarandi kemur fram í bókun sem samþykkt var einróma á fundi stjórnar þann 11. september sl. og hljóðar svo:



1. Fjármál/rekstur félagsins/kjarabrotamál. Rekstur félagsins er í jánnum eins og stjórn fjallaði um á síðasta fundi þegar farið var yfir hálfárs uppgjör 2023. Fjöldi félagsmanna í ágúst 2023 var

1.025 og þar af eru einungis um helmingur sem greiðir iðgjöld og eru þar með í stéttarfélaginu. Þar af borgar einungis um fjórðungur félagsmanna, eða um 250 manns, þá lágmarksupphæð sem veitir rétt til að greiða með kjarasamningi.

Stjórn telur ljóst að bregðast þurfi við bágri fjárhagsstöðu félagsins. Af hverju eru svo fáir leiðsögumenn í stéttarfélaginu Leiðsögn sem skyldi? Rætt um ímyndarvanda og að þjónustustig félagsins er ekki sambærilegt á við stærri stéttarfélög.

Mikilvæg er að finna leiðir til að fjölga félögum. Einnig var rætt að eldri kjarabrotamálum hefur þokað lítt áfram og situr núverandi stjórn uppi með mörg gömul mál og samhliða mikinn lögfræðikostnað. Rætt um að úrvinnsla kjarabrotamála þyrfti að vera markvissari og hraðari. Óviðunandi og seinvirkt að stjórnarfolk sé að sinna úrlausnum slíkra mála í hjáverkum og launalaust. Rætt um að ráða þyrfti kjarafulltrúa til félagsins sem hefði það á sinni könnu að sinna og mæta þörfum félagsmanna á sviði kjaramála og – brota.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að lækka starfshlutfall skrifstofustarfsmanns niður í 50% vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Gjaldkeri GME sat hjá.

Með bókun HK, HP, JM, SSS og SAÁ á formaður nú að taka á sig ein og óstudd að „hafa hrakið starfsmanninn á brott“. Með vísan í bókun hér ofar frá 11. sept. er þeim ásökunum alfarið vísað á bug.

Formaður hefur verið vakinn og sofinn yfir félaginu frá fyrsta degi. M.a. við að skapa faglega umgjörð varðandi verkferla m.a. til að vinna gegn launaþjófnaði fyrirtækja. Fyrri stjórn sýndi algert aðgerðaleysi í kjarabrotamálum og skildi eftir sig slóð launaþjófnaðarmála sem eru nú hátt á þriðja tug. Kjarabrotamál og úrvinnsla þeirra hefur ekki verið sinnt en það mun kosta tugi milljóna að greiða úr þeim málum.

Við í meirihluta stjórnar fordæmum hvernig vegið er að formanni félagsins. Okkur var færð mikil ábyrgð með kosningu okkar í stjórn og við hyggjumst standa með því félagsfólki sem kallaði á breytingar með kosningu okkar.

Að þessu loknu var fundi framhaldið og gengið til dagskrár.**1. Starfsmannamál**

Sbr. bókun stjórnar frá 11. september var ákveðið að bjóða starfsmanni skrifstofu 50% hlutfall í stað 100% stöðu sem hún hefur gengt sl. ár. Ákvað starfmaður að taka því boði ekki og hættir hún því um áramót en hefur sent inn veikindaleyfi út tímabilið.

Formaður lagði fram drög að auglýsingu kjarafulltrúa.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að auglýsa eftir kjaramálafulltrúa á skrifstofu félagsins.

2. Tillaga formanns um að gerð verði rekstrarúttekt af óháðum aðila (KPMG/Deloitte etc.) á öllum sjóðum félagsins.

Áríðandi er að rekstur félagsins verði skoðaður af fagaðilum sem kanni „heilbrigði“ rekstrar stéttarfélagins.

Afgreiðsla: Formanni falið að leita tilboða hjá a.m.k. tveimur fagaðilum.

3. Erindi Simon Wells ferðaskipuleggjanda Discover the World sem hingað kemur með breskra skólahópa.

Stjórn telur það ekki í sínum verkahring að svara þeim spurningum sem ferðaskipuleggjandinn leggur þar fram og snúa að öryggi farþega á ferð um landið.

Afgreiðsla: Formanni falið að svara erindinu.

4. Næsti fundur trúnaðarráðs.

Kjara- og viðræðunefndir félagsins hafa verið sameinaðar í aðdraganda kjarasamninga. Þrír fundir hafa verið haldnir. Nefndin óskar eftir að fleiri aðilar komi í nefndina og þarf að ræða það í trúnaðarráði.

Afgreiðsla: Stjórn ákveður að boða fjarfund í trúnaðarráði mánudaginn 6. nóvember kl. 20.00. Á þeim fundi þarf að ræða og samþykkja fjölgun fulltrúa í kjaranefnd.

5. Önnur mál:

- Formannafundur ASÍ verður haldinn 3. nóvember nk. og tilkynnti formaður Leiðsagnar að hún myndi sækja fundinn.
- Forstjóri Arctic Adventures hefur óskað eftir fundi með formanni Leiðsagnar. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 31. október í húsakynnum Leiðsagnar.
- Formaður fræðslunefndar ítrekar að þeir þrír fræðslufyrirlestrar sem skipulagðir hafa verið, verða haldnir á næstunni og fjármagnaðir af Endurmenntunarsjóði, sjá samþykkt Endurmenntunarsjóðs frá desember 2022.

Fundi slitið kl. 22.25

Fundarritun: DM

Fundargerð samþykkt:

Dóra Magnúsdóttir
Guðný Jóna Emilsdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir